

Ef þú ert að lesa þetta ertu kannski með blað í hendinni eða fyrir framan þig. Ef þú ert að lesa þetta af tölvuskjá ertu að lesa PDF-skjal. Það er þínu kaldhæðnislegt, því hér eru taldar upp nokkrar ástæður fyrir því af hverju við ættum ekki að nota PDF-skjöl á vefnum.

Ég er að verða meira og meira á móti PDF-skjölum á vefnum. Næstum því eins mikið og ég er á móti óþarfa [viðhengjum í tölvupósti](#). Og eigum við að tala um þegar fólk sendir skilaboð í Word-skjölum á Facebook?

PDF-skjöl eru samt snilld. Þau koma í veg fyrir að maður þurfi að eiga ákveðin forrit sem annars hefði þurft til að geta opnað ákveðnar skráartegundir. Og þau tryggja líka að efnið í þeim er alltaf eins upp sett. sama hvaða tæki við notum til að skoða þau.

Auðvitað eiga þau stundum rétt á sér á vefnum. En ekki alltaf. Ég hef á tilfinningunni að í 90% tilvika megji komast af án þeirra og birta upplýsingar úr þeim með öðrum hætti.

Ef við eigum eða höldum úti vef ættum við frekar að birta innihaldið sem texta, myndir og myndbönd á vefnum sjálfum, í formi vefsíðna. Til þess er vefurinn! Ekki birta efnið sem skjöl til niðurrhals á vefnum. Ef við komumst ekki hjá því að birta PDF-skjöl ættum við [alltaf að birta upplýsingar úr þeim líka í formi vefsíðna](#). Vefsíðan ætti að vera aðalvalkosturinn okkar. PDF-skjalið ætti bara að vera aukaefni. Það eru nokkrar ástæður fyrir því:

Tímafrekt

PDF-skjöl eru tímafrek, bæði fyrir notendur og umsjónarmenn/eigendur vefsins.

Segjum sem svo að þú sért að vafra á vefnum í snjallsímanum þínum. Þú rekst á tengil sem gæti innihaldið upplýsingar sem þig vantar. Þú smellir á tengilinn. Þá kemstu að því að upplýsingarnar eru í PDF-skjali. Skjalið hleðst niður í símann. Nú þarftu að loka vafranum, finna hvar PDF-skjalið lendir í símanum þínum og opna það með sérstöku appi. (Sem er, sem betur fer, oftast innbyggt í símann). Oft öðru appi en því sem þú notar til að skoða vefinn.

Það vita ekki einu sinni allir eigendur snjallsíma hvar PDF-skjöl og annað efni lendir í símanum eftir að því hefur verið hlaðið niður.

Ef upplýsingarnar hefðu verið í formi vefsíðu hefði vesenið verið mun minna. Þú hefðir bara þurft að smella á einn stað—og upplýsingarnar hefðu birst á skjánum hjá þér augnabliki síðar.

PDF-skjöl eru líka tímafrek fyrir borð- og fartölvunotendur. Þó að skjalið opnast yfirleitt í vafranum þarf notandinn að fara út af vefnum til að lesa það. Það truflar ferð notandans um vefinn.

Það er líka meiri fyrirhöfn að uppfæra skjölin ef við þurfum að breyta upplýsingum í þeim. En nánar að því síðar.

Ekki skalanlegt

Vefir sem eru skalanlegir laga sig að öllum skjástærðum. Það skiptir ekki máli hvort þú ert fyrir framan stóran tölvuskjá eða lítinn símaskjá. Þú getur alltaf lesið það sem stendur á honum.

Ef þú notar símann þinn til að opna PDF-skjalið í dæminu hér á undan kemstu kannski að því að letrið í því er pínulítið. Svipað og gerist þegar textablað er tekið og minnkað í ljósritunarvél. Textinn í skjalinu lagar sig ekki að skjástærðinni. Þú þarft að stækka skjalið og hreyfa það til á símaskjánum til að geta lesið það almennilega.

Því PDF-skjöl eru yfirleitt sett upp á tölvuskjám og henta illa til lesturs í snjalltækjum.

PDF er prentefni

PDF-skjöl eru góð leið til að miðla efni sem við gerum ráð fyrir að notendur prenti út. Þau eru fyrst og fremst prentefni sem hægt er að skoða án milligöngu prentara.

Og af því að þau eru hugsuð sem prentefni fylgja þeim ýmsar takmarkanir. Texti á vef og prentaður texti eru ekki það sama. Við könnumst öll við það hvað það getur verið þreytandi fyrir augun að lesa texta af tölvuskjá til lengri tíma. Að ekki sé minnst á langar efnisgreinar. [Fólk les heldur ekki alltaf allt á vefnum](#), heldur skannar lauslega yfir textann.

Ýmislegt sem þykir sjálfsagt á vefnum í dag er ekki hægt að gera með PDF-skjölum. Við getum að vísu sett tengla yfir í aðrar vefsíður inn í PDF-skjalið, en lengra komumst við ekki. Við getum ekki bætt margmiðlunarefni við þau, s.s. hljóði og myndböndum, ekki frekar en það er hægt á pappírformi. Það er hins vegar með góðu móti hægt á vefsíðunni.

Og eins og með prentefni ættum við helst ekki að breyta PDF-skjölunum eftir að þau hafa verið gefin út. Fyrirhöfnin við breytingar er a.m.k. talsvert meiri en sú sem fylgir því að breyta og uppfæra efni á vefnum.

Aðgengi ábótavant

Vefsíður þurfa að uppfylla [ákveðnar aðgengiskröfur](#) til að allir geti notað þær. Sömuleiðis þurfa PDF-skjöl að vera aðgengileg fyrir alla, líka fatlaða notendur, t.d. blinda, sjónskerta og lesblinda. Allt of margir eru ekkert að hugsa um þetta þegar PDF-skjölum er hlaðið upp á vefinn.

Blindir og sjónskertir notendur hafa tækin sín stillt eftir sínum eigin þörfum til að geta notað efni á vefnum. Sumir eru með ákveðnar litasamsetningar á skjánum eða breyta leturstærðinni til að nálgast efnið betur. Og sumir nota skjálesara sem les textann upphátt. Ef PDF-skjöl eru ekki rétt uppsett hindra þau aðgengi blindra og sjónskertra að upplýsingunum. Það má koma í veg fyrir þessi vandræði með því að setja efnið upp á venjulega vefsíðu.

En ef við komumst ekki hjá því að nota PDF-skjöl verða þau að uppfylla kröfur um aðgengi. Í [Vefhandbók Stjórnarráðsins](#) eru [gátlisti og leiðbeiningar](#) um það hvað þarf að hafa í huga til að PDF-skjöl verði aðgengileg öllum.

Ekki mælanleg

Ef við eigum eða rekum vef viljum við vita hvað notendur eru að gera á honum. Við getum skoðað hegðun þeirra með alls kyns mælingatækjum. Það þekktasta er [Google Analytics](#). Við getum ekki mælt notkun PDF-skjala nógu vel. Við getum fylgst með hversu margir opna þau eða hlaða þeim niður. En það er erfiðara að fylgjast með því hvaða hluta eða upplýsingar í skjalinu notendur eru að skoða.

Við getum ekki fylgst með því hvað notendur gerðu eftir að þau sóttu PDF-skjalið. Héldu þau áfram að skoða það? Lásu þau það til enda? Smelltu þau á einhverja tengla í skjalinu? Eða hlóðu þau skjalinu bara niður og gerðu ekkert meira?

Þessar upplýsingar væru aðgengilegri ef notendum væri beint á síðu á vefnum í stað PDF-skjals.

Erfiðara að uppfæra

Það er meiri fyrirhöfn að uppfæra og breyta PDF-skjölum. PDF-skjalið ætti því að vera fyrir stöðugra efni, sem þarf kannski ekki að breyta næstu árin eða áratugin. Alveg eins og að við breytum ekki bókum, dagblöðum eða tímaritum eftir að þau eru komin úr prentun.

Ef við viljum breyta PDF-skjalinu þurfum við fyrst og fremst að hafa aðgang að inntaksskjalinu, þ.e. skjalinu sem við notum til að flytja út (export) sem PDF-skjal. Það er kannski búið til með Word, Excel eða Powerpoint—e.t.v. með eldri útgáfu en þeirri sem við eigum—þá er hættu á því að uppsetning efnisins riðlist. Og kannski er það opnað með umbrotsforriti sem grafíski hönnuðurinn einn hefur aðgang að.

Þegar okkur hefur tekist að flytja skjalið út sem PDF-skjal þurfum við að komast í skráakerfi vefsins til að hlaða skjalinu inn á hann. Við þurfum líka að eyða eldri útgáfu af PDF-skjalinu. Því við viljum ekki hafa tvær mismunandi útgáfur af því á vefnum. Því þannig gefum við misvísandi upplýsingar.

Hvað á að gera í staðinn?

Komdu efninu úr PDF-skjalinu fyrir á venjulegri vefsíðu. Ef við eigum eða höldum úti vef ætti vefsíðan alltaf að vera fyrsti valkosturinn við dreifingu efnis. PDF-skjalið á bara að vera aukaefni. Tökum þá skýrt fram að skjalið sé til niðurrhals og það innihaldi sama efni og er á vefnum.

Það eru líka til ýmis tæki sem auðvelda notendum að skoða PDF-skjöl án þess að þurfa að hlaða þeim niður. Ég nefni hér [Issuu](#) og [Flippingbook](#). Ég hef þó ekki kynnt mér þau nógu vel til að ég geti mælt með öðru hvoru þeirra. Svo eru til fleiri fyriræki víðs vegar um vefinn, sem bjóða upp á sams konar þjónustu.

En þó að svona þjónusta sé í boði erum við samt enn á þeim stað að PDF-skjöl henta illa til lesturs á minni skjám. Á símaskjánum þurfum við sífellt að stækka skjalið og færa það til svo við getum lesið það almennilega.

Áður en við hlöðum upp PDF-skjali skulum við spyrja okkur eftirfarandi spurninga:

- Kemst efnið fyrir á venjulegri vefsíðu?
- Þarf að uppfæra efnið reglulega (einu sinni á ári eða oftar)?
- Geri ég ráð fyrir að notendur lesi textann af skjánum frekar en að prenta það?
- Vil ég fylgjast með notkun efnisins?

Ef svarið við þessum spurningum er **já** skulum við gleyma PDF-skjalinu.

Frekara lesefni

- [6 Reasons You Should Stop Using PDF for Business Content](#)

- [In Defense of Print](#)
- [PDF: Still Unfit for Human Consumption, 20 Years Later](#)
- [Should my file be uploaded as a Word document or a PDF?](#)
- [Uploading PDFs to your website? It needs to stop!](#)